

Hluthafafundur Klappa Grænna Lausna hf.

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður miðvikudaginn 5. nóvember 2025 kl. 15:00 með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Ávarp stjórnarformanns.
2. Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin bréfum.
3. Tillaga stjórnar um breytingu á 7.7 gr. samþykktu um boðun hluthafafunda með auglýsingu í innlendum fjölmiðlum.
4. Önnur mál löglega borin fram.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin fyrir á fundinum ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa þar um með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins að gættum ákvæðum laga um hlutafélög. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá fundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi, eða á netfangið investors@klappir.com eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15:00 þann 26. október 2025.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn, þ.e. 29. október 2025 til samræmis við samþykktir félagsins.

Skráning hluthafa á fundinn fer [fram hér](#) og fá þeir sendan hlekk á fundinn. Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem hluthafar geta fylgst með fundarstörfum og tekið þátt í fundinum.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð. Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn eru beðnir um að skrá sig á heimasíðu félagsins eigi síðar en með fimm daga fyrirvara, þ.e. fyrir kl. 15:00 þann 31. október 2025.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafund verður að finna á vefsíðu félagsins www.klappir.com/investors.

Kópavogur, 13. október 2025

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf.